




Einstök kaupmáttarþróun síðustu 12 ár – en hvað svo?

Ari Skúlason
Hagfræðideild Landsbankans

Október 2022

Einstök þróun kaupmáttar síðustu 12 ár


Kaupmáttarþróun janúar 2010 – ágúst 2022



- Kaupmáttur jókst um rúm 50% frá upphafi árs 2010 fram til júní 2022
- Í janúar 2022 hafði kaupmáttur aukist um 57% frá upphafi árs 2010
- Meðal kaupmáttaraukning á ári var því um 3,5% að meðaltali
- Sögulega mjög góður árangur sem allir sem hlut hafa átt að máli geta verið stoltir af og þakkað sér

Góður árangur m.a. vegna mikilla launabreytinga


Launabreyting milli ára




- Mikil kaupmáttaraukning byggir fyrst og fremst á miklum launahækkunum –
- en verðbólga hefur verið mun meiri hér en í nálægum löndum – þar til nú

Laun hér hækka mun meira en í nálægum löndum

Þróun árslauna í heimamynt



Meðalbreyting árslauna í heimamynt 2011-2021






12 ára samfelld kaupmáttaraukning

Kaupmáttarbreyting milli ára




- Á tímabilinu 2010-2022 var samfelld árleg kaupmáttaraukning í 11 ár og 11 mánuði. Því tímabili lauk nú í júní
- Næst lengsta samfellda kaupmáttartímabil þar á undan var 7 ár og 7 mánuðir á tímabilinu 2000-2008. Því tímabili lauk í janúar 2008

Þrjú tímabil mikillar kaupmáttaraukningar



Mismunandi niðurstaða hópa á síðasta samningstímabili


Launabreyting janúar 2019 til júní 2022



- Lægri laun hafa augljóslega hækkað meira
- Tölurnar tala sínu máli – launabreytingar eru mjög mismunandi
- Mynstrið alls staðar það sama – lægri laun hækka hlutfallslega meira en þau hærri


Kaupmáttarþróun líka mismunandi á síðasta samningstímabili

Kaupmáttarbreyting janúar 2019 til júní 2022



- Mest kaupmáttaraukning þar sem laun eru lægst
- Miðað við stöðuna í dag hafa sumir hópar orðið fyrir kaupmáttarskerðingu á þessu samningstímabili


Launaþróun mismunandi eftir mörkuðum



- Á þessu samningstímabili hafa laun á opinbera markaðnum hækkað mun meira en á þeim almenna
- Munurinn skýrist að mestu leyti af launaþróun hjá sveitarfélögum
- Vinnutími stýttist líka meira á opinbera markaðnum sem að hluta er metið til launahækkana


Ferill launabreytinga mismunandi eftir mörkuðum

Launapróun á tveimur mörkuðum




- Almenni markaðurinn var á undan fyrri hluta tímabilsins – síðan tók sá opinberi fram úr og hefur haldið forystunni síðan
- Þættir eins og vinnutímastytting og lenging orlofs gengu mun lengra á opinbera markaðnum á tímabilinu

Þróun ráðstöfunartekna og launavísitölu fara vel saman



- Þróun ráðstöfunartekna á mann og launavísitölu hefur í stórum dráttum verið sú sama á síðasta samningstímabili
- Á 2. ársfjórðungi 2022 höfðu ráðstöfunartekjur á mann hækkað um u.þ.b. 4% meira en launavísitalan

Hvað höldum við um þróunina?



- Meðalbreyting launa var 6,8% á ári frá 2010 til 2021. Verður væntanlega svipað áfram
- Við reiknum með að launavísitalan hækki um 7,6% frá fyrra ári í ár, um 7,1% 2023, um 6,4% 2024 og 5% 2025.
- Þróun kaupmáttar verður því öðruvísi en verið hefur síðustu ár, meira að segja kaupmáttarminnkun í ár, sem þegar er farin að koma fram.
- Ástandið verður samt betra á seinni hluta tímabilsins, aðallega vegna lægri verðbólgu

Hvað höldum við um þróunina?

Kjarasamningar á almenna markaðnum renna út eftir 12 daga – hvað er framundan?

- Augljóslega ekki vilji til sömu krónutöluhækkana fyrir alla – ekki sama lausn fyrir alla hópa
- Margir hópar óhressir með síðasta tímabil og vilja fara eigin leiðir
- Mikil óvissa í alþjóðlegu efnahagsumhverfi – verðbólga og vaxtahækkanir – aukning alþjóðavæðingar stöðvuð
- Efnahagshorfur þó betri hér en víða annars staðar
- Kaupmáttarhrap er ný staða – er hægt að:
 - Stöðva kaupmáttarminnkun?
 - Endurheimta fyrri stöðu?
 - Auka kaupmátt frá því sem var?
- Mikil óvissa hefur ríkt innan ASÍ – hvaða hópar þaðan munu brjóta ísinn og hvernig?
- Kröfugerðir fela í sér miklar kostnaðarhækkanir – ekki ný staða
- Munum við sjá verkfallsaðgerðir á almenna markaðnum í fyrsta skipti í mörg ár?
- Munum við sjá verkbönum beitt?

Fyrirvari

Innihald og form þessarar kynningar er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsfólks Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara. Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti. Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.